

Samráðsgátt stjórnvalda

Matvælaráðuneytið

*Umsögn frá LS við drög að reglugerð
um úthlutun aflamarks grásleppu til
nýliða.
Mál nr. 165/2024.*

Reykjavík 29. ágúst 2024

Landssamband smábátæigenda ítrekar kröfur um að lög nr. 102/2024 um breytingu á lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða – veiðistjórn grásleppu - verði numin úr gildi.

LS skorar á Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur matvælaráðherra að leggja fram frumvarp þegar Alþingi kemur saman í september næstkomandi. Í því verði kveðið á um að veiðistjórn grásleppu verði færð í fyrra horf.

Til vara að ráðherra flytji frumvarp sem frestar framkvæmd laga nr. 102/2024 um eitt ár.

- LS gagnrýnir harðlega vinnubrögð meirihluta atvinnuveganefndar í þessu mikilvæga máli og telur að nefndarmenn hafi ekki haft hugmynd um afleiðingar þess frumvarps sem þeir samþykktu til 2. umræðu og varð nánast óbreytt að lögum. Hér skal nefnt að með breytingu sem gerð var á frumvarpinu var ákveðið að svipta á annað hundrað sjómenn rétti til grásleppuveiða. Jafnframt virðist það hafa verið skilningur formanns nefndarinnar að þeir sem ekki hefðu veiðireynslu gætu fengið úthlutað heimildum sem féllu til við frádrag á úthlutaðum leyfilegs heildarafla – 5,3%. Samkvæmt lögnum er hins vegar átt við aðila sem hefja grásleppuveiðar í fyrsta skipti. Heimildir til nýliða eiga því ekki við þá sem hófu veiðar á árunum 2023 og 2024 og eru að réttu nýliðar.
- Spurt er hvort það hafi verið meðvituð ákvörðun atvinnuveganefndar að sniðganga þá aðila sem höfðu útbúið sig til veiða á árunum 2023 og 2024, stunduðu veiðarnar þau ár, en eiga ekki rétt á nýliðunarkvóta. Aftur á móti er ákvæðið sniðið fyrir stærri skip, jafnvel uppsjárskip sem ekki hafa stundað grásleppuveiðar en eiga rétt til nýliðunarkvóta.

LS vekur athygli á og gagnrýnir að framkvæmdaaðili laganna – Fiskistofa – sem benti á ýmsa vankanta í frumvarpinu - hafi ekki verið kölluð fyrir nefndina.

Vakin er athygli á að LS hefur ákveðið að leita til Umboðsmanns Alþingis vegna lagasetningarinnar.

Með nýju frumvarpi um veiðistjórn grásleppu gefst tækifæri til að lagfæra þá vankanta sem er við veiðistjórn grásleppu og LS benti á í umsögnum og samþykkt aðalfundar 2023.

„Grásleppa

- LS leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á skipulagi grásleppuveiða:


- a. Heimilt verði að taka upp net í brælutíð án þess að dagafjöldi til veiða skerðist.
- b. Heimilt verði að hafa tvö grásleppuleyfi á bát.

- LS leggst gegn kvótasetningu á grásleppu.
- LS bendir á að aldrei hafi verið betri grásleppugengd og nú. Þess er krafist að ráðamenn þjóðarinnar hlusti á sjómenn og taki tillit til þeirra sjónarmiða við stjórnun grásleppuveiða.
- LS krefst þess að grásleppuveiðimönnum verði heimilt að sleppa lífvænlegum þorski við grásleppuveiðar. Bent er á að það fyrirkomulag gildir um grásleppu sem kemur í þorskfisknet og einnig um lúðu, hlýra og blágómu í önnur veiðarfæri. Að heimilt verði að setja allan meðafla í VS.
- LS mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem viðhöfð hefur verið við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.
- LS mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps.“

Athugasemdir við einstaka greinar við drög að reglugerð um úthlutun aflamarks grásleppu til nýliða.

- 2. gr. *Markmið.*
 - Það er LS áhyggjuefni að samkvæmt 7. mgr. 8. gr. L. nr. 116/2006 verður ekki unnt að úthluta nýliðunarkvóta til aðila sem stunduðu grásleppuveiðar á tveimur undangengnum árum og eru því vissulega nýliðar. Jafnt á við þá sem stunduðu veiðar árið 2020. Þessir aðilar hafa ekki aflahlutdeild í grásleppu. Þeir hafa hins vegar stundað grásleppuveiðar og eru því utan þess ramma sem 1. ml. 4. gr. laga nr 102/2024 kveður á um.
- 4. gr. *Úthlutun aflamarks til nýliða - 2. mgr.*
 - LS vekur athygli á að verði leyfilegur heildarafla á grásleppuvertíðinni 2025 fjögurþúsund tonn er úthlutað aflamark að meðaltali milli 12 og 13 tonn. Gera má ráð fyrir að aðeins 12 bátar fái úthlutað aflamarki yfir 30 tonnum. Vissulega vill LS gera vel við þá einstaklinga sem eru að hasla sér völl í grásleppuveiðum. Hámarksúthlutun er þó nokkuð rífleg þegar miðað er við aðila sem stundað hafa veiðarnar í áratugi.
- 6. gr. *Gildistaka - 2. mgr.*
 - Þar sem gert er ráð fyrir að grásleppuveiðar 2025 hefjist 1. febrúar er þess farið á leit að reglugerðin taki gildi 1. janúar 2025.

Virðingarfyllst



framkvæmdastjóri